# VILJINN.

blað.

9. ár 5 bla

No. 5

# „Viljinn“

## Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn.

5. blað.
9. árgangur.

Ritnefnd.
Gísli Björnsson Jón Kristjánsson
Árni Hallgrímsson

Ökrum 16. febrúar 1917.

Í ~~fjórða~~ fimmta sinn nú fer af stað,
finna vini mína,
Kápu minni knýti að
með kaðli stinnum, heyrið það.

———— o ————

Hálsklút, prik og hattinn minn,
hafa skal til reiðu,
bursta rykið, svo búninginn
beri óvikinn þetta sinn

———— o ————

Vel útbúa vil ég mig
von er nú á fjúki,
ferðalúinn finn svo þig
farðu; sú er skelfilig.

———— o ————

Hafði dropa heitan þá,
hressing mun ég þurfa,
en brendan sopa ei bragða má
b. vudum sopa veldur sá.

———— o ————

Viljinn

## Blönduhlíð

Blessuð sertu Blönduhlíð
blóminn Íslands fjallasveita,
Eins og meyja yndis fríð,
unnusta mín Blönduhlíð.
Um oss vefur örmum blíð,
ást og tryggð ber henni veita.
Blessuð sertu Blönduhlíð,
blóminn Íslands fjallasveita.
Feikna hán fjöllin þín,
frelsi og líf er öllu boða,
á þau sólin einatt skín.
Ó þú góða hlíðin mín!
hvílík töfra það er sýn,
þá ef skrýðist kvöldsinsroða.
Feikna hán fjöllin þín,
frelsi og líf er öllu boða.
Falla blíð að fótum þér,
fögur vötn er silung geima,
Sína prýði sýna hér
silfurtærir lækirnir.

Grösum vafin grundin hver
góðrarríkið hvar á heima.
Þú ert ætíð unun mér,
aldrei, aldrei, þér skal gleyma.

—o— —o—

Brosfagra Blönduhlíð,
blómgist hér alla tíð,
frí, vor og tryggð.
Öllum oss ertu kær,
á meðan hjartað slær,
einhuga óskum vér,
eflist þín byggð.

—o—

Kveð eg þig svo kæra hlíð,
Kveðjan mín er þessi:
Árin, dagg, og alla tíð,
Alfaðir þig blessi.

Blöndhlíðingur.

## Um jarðabætur

Eftir Gísla Björnson (framhald)

### 3. Akrahreppur.

Búnaðarfélagið í Akrahrepp, hefur lengi fengist við það, að haga seglum eftir vindi þannig, að þegar vel árar, þenur það sig út og verður gríðarlega mikið, en aftur á móti þegar illa árar, dregur það sig saman og verður því nær að engu; Það er engin missögn þótt sagt sé um það, að það þoli vel hita en illa kulda, enda hefur víst oftar en einu sinni, verið nær króknað úr því lífið.

Af greindum ástæðum hefur því meðlima tala þess, verið afar mismunandi stundum 40, stundum 20. o.s.f.v.

En þrátt fyrir alt hefur þó búnaðarfélag Akrahrepps starfað stórmikið því á sér líka duglega jarðabótamenn innanum og samanvið, sem ekkert

gefa eftir, þeim fremstu í hinum hreppunum.

Helstu jarðabótastörfin hafa verið hér eins og annarstaðar þúfnasletta, en samt lítur nú útfyrir, að hún ætli að rýma sæti fyrir gaddavírsgirðingunum sem nú óðum eru að færast í vöxt, einnig hefur hér verið mikið starfað að því að byggja flóðgarða, og má svo heita, að uppistöðu engi, sé nú orðið á hverri jörð meðfram Héraðsvötnunum, alla leið frá Miðhúsum út að Framnesi, og hver sem færi um þetta svæði, hlyti að sjá, að hér hefur mannshöndin unnið mikið og þarft verk og sem gefur mikinn arð því engin jarðabót er eins fljót að borga sig eins og flóðgarður þar sem vel til hagar; Mestir flóðgarðar eru á Frostastöðum og þar næst á Þverá og Réttarholti.

Þúfnasléttunar eru alstaðar, þar sem nokkuð á annað borð hefur verið unnið að jarðabótum, en það er því miður ekki almennt, frampartur hreppsins, Austurdalur, Kjálkinn og Norðurárdalur alt ofanað Bólu á hefur lítið sem ekkert starfað, að undanteknum þeim Þorkeli og Einari í Ásláksstaðatungu.

Mestar þúfnasléttur í þessu félagi eru á Víðivöllum, Frostastöðum og Þverá einnig eru þar miklar í Réttarholti og á Vöglum. Sumir efnalitlir leiguliðar hafa og sléttað fallega bletti og skal eg til þess nefna, Hans á Hrólfsstöðum, Jón á Þorleifsstöðum og Albert í Flugumýrarhvammi, sem allir hafa gjört töluvert mikið; Sléttan á Hrólfsstöðum er þar að auki með fallegustu sléttum sem eg hef séð og er mikill munur að sjá þann blett eða óræktarmóinn sem þar var áður.

Einna tilkomu mestar virðast mér þó

sléttunar hjá Stefáni á Þverá, þær geta kallast stórkreinlegar.
Skurðir til varnar og veitu eru hingað og þangað, mestir varnarskurðir eru á Víðivöllum, Frostastöðum og Þverá.
Á Víðivöllum er túnið að miklu leiti girt með skurðum, sömuleiðis að nokkru á Frostastöðum, þar er einnig langur vörsluskurður, sem liggur úr svonefndum Krókslæk, suður og austur flóann og er því til varnar enginu. Á Þverá liggur skurður út og suður um svokallaðar Þverármýrar og skiptir þeim í tvennt fyrir ofan (austan) er bithagi, en neðan (vestan) engjar.
Áburðarsafnhús er að eins eitt til á þessu svæði, það er á Víðivöllum og er það stórt og stæðilegt.
Steinlímd safnþró er heldur ekki nema ein, hún er á Frostastöðum og er alveg nýbyggð stærð hennar er, lengd 10 fet breidd 8 fet dýpt 10 fet

Gaddavírsgirðingar um tún eru á Framnesi Þverá, Ystugrund og að sumu leiti á Frostast. og Víðivöllum að öðru leiti er þar girt með görðum og skurðum.
Vírgirðingar til varnar túni og engjum í sameiningu eru á Ökrum og Höskuldsst. einnig er girðing á Vöglum fyrir ofan og norðan sem ver tún og engjar á þeim hliðum. Alla leið neðan frá Vötnum liggur girðing fyrir utan Rettarholts og Flugumýrar tún og engjar, uppá Hvammsár-eyrar, þar beigist hún til norðurs og liggur út fyrir neðan engið í Flugumýrar-hvammi; girðing þessi ver því að miklu leiti, tún og engjar þessara jarða.
Vírgirðing um bithaga er á Frostastöðum afar mikil og vönduð, hún er á merkjum að sunnan og nær ofan frá Klettum í svonefndu Stóruskriðugili niður að þjóðveginum, beigist svo til norðurs með fram veginum og endar fyrir ofan túnið og

er þar sett í samband við túngarðinn og svo byrjar hún aftur úr túngarðinum að norðan og nær út í túngirðinguna á Þverá á þessum kafla er hún fyrir neðan veginn. Girðing þessi er 5 þætt, 2100 faðmar að lengd.
Þorsteinn bóndi á Hjaltastöðum, hefur lagt girðingu utan frá Trösta staðagirðinga og liggur hún með fram veginum að ofan og beigist uppundir túnið á Hjaltastöðum. Girðing þessi ver engjar í Hvammi og Koti fyrir stórgripum aðeins, því hún er ekki nema 2 strengir og því eigi fullkomin þessi girðing átti að ná saman við girðinguna í Flugumýrarhvammi svo báðar kæmu að tilætluðum notum.
Séra Björn á Miklabæ er nú byrjaður á að afgirða með vír tún og engjar hjá sér og er nú þegar komin þar girðing að mestu á suður kantinn.
Það er mikið mein að því, að menn skuli ekki hafa félagsskap með girðingarnar

því með því móti yrði þær minni kostnaðar minni, heldur en þegar einn og einn eru að girða útaf fyrir sig, og skal t. d. nefna fyrirhugaða girðinguna okkar hér fram Blönduhlíðinga, sem átti að ná utan frá Ökrum fram á Húskerpismel, skyldi hún ekki hafa orðið ögn kostnaðar minni en komið þó að fullum notum, heldur en ef hver einstakur fer nú að girða á 2 eða 3 kanta kringum land sitt.
Einnig hefðu þeir fyrir utan Þverána á neðri bæjunum, átt að girða í sameiningu alla leið frá Þverá út fyrir neðan veginn alt útað Kirfisá við það hefðu þeir óefað sparað mikið fé, en fengið þó góða vörslu.
Eg hefi gleymt að minnast á túngirðinguna í Stokkhólma, þar er túnið girt að sumu með vír en sumu með torf-garði, einnig eru túngirðingar í Litladal og Djúpadal, þótt þær að vísu séu enn ekki fullkomnar, þá eru þær þó komnar

vel á veg. Í Djúpadal er túnið girt að ofan og norðan með skurðgarði, sem er prýðis vel gjörður og hefur Valdimar sjálfur unnið mest að honum; þar er einnig afgirt ofurlítið tún fram í dal og þar hjá þvergirðing svo hross komast ekki ofan af dalnum.

Magnús hreppstjóri á Frostastöðum hefur látið plægja stórt stykki af móunum fyrir neðan túnið hjá sér, sem hann ætlar að gjöra að túni; hann hefur ætíð unnið lang mest að jarðabótum, af öllum hér í hreppi og hefur nú sókt um verðlaun úr Styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. og eru yfir 7 ára tíma jarðabætur hans þessar:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| a. | Þúfnasletta | 4135 □ faðmar | | dagsverk | 344,7 |
| b. | Varnargirðingar | 3420 faðmar | | —"— | 684. |
| c | Torfgirðing | 160 faðmar | | —"— | 40. |
| d. | Vörsluskurðir | 552 faðm | breidd 7 fet dýpt 2 | — | 110.4 |
| e | Veituskurðir do do | 114 / 1200 faðm | — 4/2 — 1/1 | — | 34.3 |
| f. | Stíflugarðar | 381 faðm | — 9 fet hæð 2 | — | 274.3 |
| g. | Flóðgarðar | 218 faðm | — 3 — 2 | — | 31.4 |

h. Safnþró. lengd 10 fet. br. 8 fet dýpt 10 fet dagsv. 16.

Alls 1535.1

Þar að auki plægt og herfað flag, átta vallardagsláttur að stærð, og sem gjörir þegar búið er að sá í það og það er orðið grasi gróið 600 dagsverk.

Það er því ekki annað hægt að segja en að Akrahreppur eigi þar einn jarðabóta-risa, já jafnvel þann mesta í sýslunni og þótt víðar væri leitað.

Næstir honum eru: Stefán á Þverá Sigurður á Víðivöllum og Rögnvaldur í Réttarholti og hafa þeir allir hlotið verðlaun úr Ræktunarsjóði Íslands.

Stefán Sigurðsson á Þverá fékk 75 krónur
Sigurður Sigurðsson Víðivöllum 75 —"—
Rögnvaldur Björnsson Réttarholti 50 —"—

Þar næstur mun vera Halldór Jóhannsson á Vöglum, sem að líkindum fer nú að geta sókt um verðlaun. Ennfremur hafa þeir starfað mikið að jarðabótum, Stefán

Eiríksson á Höskuldsstöðum, Árni Jónsson
á Stóruökrum, Þorsteinn Hannesson á Hjaltastöðum
og Sigtryggur Jónatansson á Framnesi, en
með því að verðlaunin eru miðuð aðeins
við það sem gjört er á 5 ára tíma, er
hæpið að nokkur þeirra nái í þau.

Eg vil geta hér um eitt af störfum
Magnúsar á Frostastöðum, þótt það sé
eigi talið með jarðabótum, það er vatns-
leiðsla í íbúðarhúsið, hún er þannig
löguð, að gamall brunnur er í 30 faðma
fjarlægð frá húsinu í hann eru lagðar
járnpípur sem ná inni kjallarann undir
húsinu, en þaðan í vatnsdælu eða pumpu
sem er rétt hjá eldavélinni og dregur
sú dæla vatnið til sín úr brunninum

Vatnsleiðsla þessi hvað hafa kostað
um 150 krónur.

—— o ——

Eg hef nú farið fljótt yfir sögu
og veit það vel, að eg hef mörgu
sleppt, sem þess er vert, að á það hefði
verið minnst, en það er ekki á allra færi
að segja frá mörgu í fáum orðum, en
eg vildi hafa ritgerð þessa sem styttsta
því eg veit vel, að mönnum yfir leitt, leiðist
að lesa langar greinar, ekki síst um
svona lögað efni.

Það er ekki annað hægt að segja, en
þessi 3. búnaðarfélög, sem eg hefi nú
minnst á, hafi bæði miklu og þörfu kom-
ið til leiðar, yfir þessi fáu ár sem þau
eru búin að starfa, og það væri laglegur
skildingur, ef það væri komið í einn
sjóð, sem þessir þrír hreppar eru búnir
að verja til jarðabóta, en mér er nær
að halda að sá sjóður hefði ekki borið
hærri vexti á annan hátt, en hann
nú gjörir.

Búnaðarfélög þessi hafa einnig safn-
að sér sjóðum, og á nú hvert þeirra
um og yfir eitt þúsund krónur í

sjóði, sem als engir hefði verið til ef félög-
in hefðu eigi myndast.
En hver er nú undirrótin undir öllum
þessum verklegu framförum? (nefnil. jarðabótunum)
Mér blandast ekki hugur um, að það
hafa verið búnaðarskólarnir sem komu
þeim af stað; þeir kenndu mönnum
verkið og héldu fram arðsemi jarðabótanna
þeir störfuðu sjálfir að miklum umbót-
um og sýndu þannig í verkinu að
þeim var fullalvara með það sem
þeir kenndu.
Frá búnaðarskólunum breiddist þekk-
ingin á jarðabótunum út til bændanna
sem þá mynduðu félagsskap þann sem
grundvallaði búnaðarfélögin og sá grund-
völlur sýnist enn traustur og óhaggaður
Landssjóðsstyrkurinn til búnaðarfélaganna
þótt lítill sé, hefur átt góðan þátt
í því að hvetja bændur til jarðabóta
og álít eg það illa farið, ef honum

væri bráðlega burtu kippt, því þótt
eigi komi nema nokkrir aurar á hvert
dagsverk, verða menn því fegnir, því
hagur bænda er ekki svo glæsilegur
að þeir geti eigi átt sammerkt við
Vagg heitinn.
Síðan Ræktunarsjóðurinn kom til sög-
unnar hefur hann drjúgum hvatt efna-
mennina til framfara, með verðlaunum
sínum, en flestir fátækir verða þar að
láta sér nægja reykinn af réttunum
þeir hafa ekki efni eða ástæður til
að komast alla leið að krásinga borðinu
og er það slæmt, að krás sú, skuli einungis
hlotnast þeim, sem síst þurfa hennar
með, en þannig gengur það oft til
í þessari veröld.
Eg enda svo þessar línur og bið lesendurna
að fyrir gefa gallana, sem á þeim kunna að
vera, því annara augu eru vanalega gleggri
á þá en eigandans sjálfs, því það loðir lengi
við, að hverjum þyki fugl sinn fagur.

# Þorri, Góa og Einmánuður.

Hér á grundu grænni vorri,
gæða margra njótum vér;
hefur sjaldan herra Þorri,
höfðinglegri fundist mér.

Ó þú móðurfoldin frjóa,
fæ*ung sem nag í skauti ber.
Yfir oss þótt geysist Góa
grand ei hirða þurfum vér.

Yfrið fríðum endir-vetrar
ei skal kvíða, góðir menn,
Sumartíð á svellin letrar
Sólin blíð, hún vermir enn.

Þakka góðum Guði maður,
er gaf þér blíðan veturinn,
og í ljóðum lofsöng glaður,
lát þú hljóma, um föðurinn.

Rjúpukarri

# Hestakynbótabúið í Vallanesi

Ég hefi orðið þess var að sumir hafa skakka skoðun um stofnun þessa og álíta að það sé sýslu vorri til sannrar birði, að halda kynbóta búinu áfram og vilja því gjarnan koma því fyrir kattarnef ef þeir geta. Ég skal því í fám orðum skýra frá hvernig öllu hagar til um bú þetta. Það er að vísu satt, að búið er enn ekki komið á það þroska stig sem það getur komist og á að komast enda má það heita nýstofnuð og því ekki von á að það sé fullkomið en samt sem áður, hefur það nú all-góð hross, svo sem 3 brúklega kynbóta-fola, bleikann, jarpann og brúnann Bleikur er heldur smár vexti en ljómandi vel byggður og með allra fríðustu hestum, það er því varla hægt annað

útá hann að selja, en það hvað hann
er lítill. hestur þessi er frá Jóni á
Heiði af besta kyni og kostaði 200 krónur
Jarpur er afar stór og þrekinn en
ekki eins fríður og Bleikur, hann er
vakur, en hefur ekki fallegt ganglag
(hastgang) og er það hans mesti galli;
hann er frá Kristjáni á Árbæ og kostaði
180 kr. Móðir hans er frá Stokkhólma brún
að lit, og er það kyn eigi lastandi.
Brúnn er vel í meðallagi stór, sérlega
fríður og fjörlegur, hefur lipran og
fallegan töltgang, hann er einnig
kynjaður frá Stokkhólma og kostaði
100 kr. þá 2ja vetra
Á búinu eiga að vera 7 kynbóta
hryssur, en ekki eru þær enn
sem komið er uppá það allra
ákjósanlegasta, þó eru þar 3 brúnar
hryssur, sem lítt er hægt að, að finna
þær eru stórar og hraustlegar 2 af þeim

eru 53 þumlungar á hæð, en ein lægri enda
er hún ung og ekki búin að ná fullum
þroska. Þessar brúnu hryssur eru 2 heim-
aldar, en ein keypt nú nýlega; hún er frá
Ypishóli, en af hrossakyni Björns í Brekku
Hinar hryssurnar eru allar svona rétt
í meðallagi bæði að vexti og útliti og
dettur mér ekki í hug að mæla þeim bót.
Kynbótastöðin er afgirt með gaddavír á
3 vegu, sunnan, vestan og norðan en
að austan eru Héraðsvötnin. Girðingin
er 4 þætt, vel traust að sunnan, en tæplega
nógu traust að vestan og norðan, og þarf
því að bæta þar í hana tréstólpum
Meðfram vötnunum eru spottar hingað
og þangað, en allur sá kantur er ótryggur
og verður það heimtað, að þar sé sett
fullkomin girðing.
Kynbótabúinu er skipt í 2 deildir
Reiðhestadeild og Akhestadeild. Í Reiðhesta
deildinni á að vera 1 foli og 2 hryssur

en í hinni 2 folar og 5 hryssur. Kynbóta stöðinni er því einnig skipt í tvennt og er Hrossagjan altend fyrir Reiðhestadeildina það sem aðskilur hana frá meginlandinu er hið svonefnda Skinþúfusýki, og er því ekki nema á parti girðing á milli deildanna Kynbótabússtjórinn er eins og flestum er kunnugt Valdimar Guðmundsson í Vallanesi en auk hans er 3 manna stjórn sem kosin er af sýslunefnd Skagfirðinga, og sem á að hafa að nokkru leiti stjórn búsins á hendi og allt eftirlit með því. Í stjórn þessari eru Rögnvaldur Björnsson Réttarholti Albert Kristjánsson Páfastöðum og Gísli Björnsson Stóruökrum, og af því eg sem skrifa þessar línur, er einn af þessum mönnum, verð eg að álíta að vel sé skipað í stjórnina.

Enn sem komið er, hefur kynbótabúið ekki fengið einn eyrir úr sýslusjóði og fær að líkindum aldrei, það er því tómt bull, að búið sé sýslunni til byrðar Styrkur sá sem búið fær, er frá Landbúnaðarfélaginu og verður víst eins eftirleiðis ef allt gengur eins og það ætti að ganga. Það er að vísu hægt að segja sem svo, að það sé sama hvaðan féð komi, því sé eitt til óþarfa samt sem áður.

En þetta er ekki alskostar rétt, fyrst og fremst er það engin óþarfi, að gjöra tilraun með að bæta hrossakynið, eins og önnur kyn búpeningsins, og ætti slíkt að geta orðið sýslubúum til mikils hagnaðar með tíð og tíma. Einnig er það skakkt að það sé sama hvaðan fé komi, Landbúnaðarfélagið hefur vissa upphæð árlega til úthlutunar og styrktar ýmsum fyrirtækjum, og þótt það aldrei hefði styrkt þetta Kynbótabú, mundi það als eigi leggja féð fyrir, heldur veita það öðrum í svipuðum tilgangi, einhverstaðar á landinu

Við Skagfirðingar meigum því telja okkur heppna að verða á undan öðrum með að ná í stykki þennan og ættum því í launaskini að stuðla að því af fremsta megni, að stofnun þessi gæti orðið sem best úr garði gerð og komið að sem fyllstum notum. En með hverju stykkjum vér það? Með því að, benda stjórninni á þau bestu kynbóta hross, sem hægt væri að fá og útvega þau svo með þolanlegum kjörum, og með því að nota búið til þess sem það á að vera, það er að segja, fara þangað með sínar bestu hryssur og fá þar fola handa þeim. Það er til skammar fyrir sýsluna og til niðurdreps fyrir kynbótabúið ef það er illa sókt, eða menn hirða eigi um að koma hryssum sínum þangað. En vonandi er að slíkt komi ei fyrir, eða verði til lengdar.

Gísli Björnsson.

# Til lesarans.

Vil eg reyna vinur minn,
vekja sveina-lötu
feta beina ferilinn
og fara stein úr götu

Verð eg því að hafa hátt,
og halda nýja vegi,
björgin í að bjóða-smátt,
burt svo knýja megi.

Viljir þú mér leggja lið,
löstum nú, að bana.
Mín er trú, þá munum við,
mölva fúin vana.

Vér ef fáum, valdið því,
vanin nái, detta,
mín er spá, þá myndi ný,
menning há, upp spretta.

„Viljinn.“

# Fréttir af Kaupfélagsfundi
## Skagfirðinga

Mánudaginn hinn 1. febr síðdegis var Kaupfélagsfundur Skagfirðinga settur og haldinn í fundasalnum á Sauðárkrók, voru allir deildarstjórar þar mættir, einnig stjórnarnefndin. Formaður nefndarinnar Ólafur Briem var fundarstjóri en séra Sigfús á Mælifelli skrifari fundarins. Fundurinn stóð yfir fram á miðvikudagskvöld.

Lagðir voru fyrir fundinn reikningar félagsins frá 1907, eptir þeim að dæma eiga að minnsta kosti Stofnsjóður og Sauðárbyggðar-sjóður að vera afgangs skuldum. Endur-skoðun aðalreikningsins þótti eigi sem fullkomnust og var því ákveðið að endur-skoða hann að nýju

Mikið var rætt um Slátrunarhúsið það sem þegar er búið að byggja af því kostaði um 4000 kr, en mikið vantar enn á að byggingin sé fullkomin og vildu því 2 eða 3 láta nú í ár byggja það til fulls, en fundurinn sá engan kost á því sökum peningaleysis og var því svo uppá stunga felld. Formaður stjórnarnefndar lýsti yfir að illa hefði gengið að fá fé til að byggja húsið fyrir, en það sem fékkst voru 2000 kr frá Sýslusjóði; dálítið veðdeildarlán gegn veði í húsinu og um 1200 kr í hlutum, en hluta loforðin námu alls 2600 kr og eru því ógoldnir hlutir enn um 1400 kr og var skorað á deildarst. að reyna inn heimta þá. Ákveðið að taka peningalán á næstkom-andi sumri til að geta svarað 2/3 þörfum út á kjöt það sem kynni að verða lagt inn á Slátrunarhúsið

Allir voru sammála um það, að sjálfsagt væri að halda félaginu áfram, enkum þar sem Kaupmanna verslunin væri nú með erviðara máti, en deildar meiningar urðu um það hver leið væri heppilegust með fram-haldið, sumir vildu leggja niður pöntunina

og hafa aðeins eina Kaupfélagsverslun, aðrir
vildu láta panta sem mest, en þrengja að
söludeildinni, láta hana hafa aðeins smá
dót til meðferðar, en niðurstaðan varð sú
að öllum er leyfilegt að panta það er þeir
vilja, og söludeildin á að halda áfram með
svo miklum krafti sem auðið er.
Framvegis á nú að færa deildarreikninga
þannig að þeir sýni inn Kaupsverð, en
kostnaður lagður á í hundraðsgjaldi, og var
hann nú fastákveðinn 25% auk stofnsjóðs
gjalds sem er 2 af hundraði eða 2%
Við Kaupfélagið var nú ákveðið að
stofna sérstaka deild. Peningadeild. Deild
þessi á alveg að vera sér stök bæði með
vörur og innlegg, borgunin á að senda
fyrir fram og hverfa þá lánsvextir af
vörunum, og varan á aðeins að bera sinn
rétta kostnað, að undan skyldu 5% sem
leggst á hana til félagssjóðs, sem er endur-
gjald fyrir störf framkvæmdarst. húsaleiga

og afhending, en aftur á móti á þessi deild
að vera laus við stofnsjóðsgjald og deildarst.
laun og hafa enga ábyrgð á skuldum
félagsins, nema á sinni eigin skuld ef nokk-
ur kynni að verða. Pantanir í þessari deild
eiga að ganga beint til framkvæmdarstjóra
Áætlað var verð á útlendum og innlendum
vörum og er óþarfi að tilgreina það hér
nema sauðir voru áætlaðir 14-15 kr og hross
60-80 kr. Væn tryppi 3ja vetra verða tekin
til útflutnings en líklega ekki lægri en 48 þuml
og öll eiga hrossin að vera bandvön.
Um sauða vigt-ina var mikið talað einkum
þegar svo bæri undir að vigtað væri á útskip
unarstað, vildu nokkrir láta hverja deild
bera þann skakka sem þá kæmi fram
á vigtinni, sem opt er mjög mismunandi
og fer að nokkru eptir því hve deildirnar
eru í mikilli fjarlægð frá útskipunarstað
en slíkt náði eigi fram að ganga, heldur á
heima vigtin að ráða þá eins og endra nær.

en léttúninni safnad safnist niður á alla
þá á að vigta sér í hverri deild og er það
gjört til þess að sjá hvernig hlutföllin mundu
verða. Allar sauðavogirnar eiga að sendast
til Sauðárkróks og þar á að bera þær saman
og athuga hvort þær eru réttar.
Kosin var nú 3 manna stjórn í staðin
5 manna sem áður var, og var eigi nema einn
af þeim fyrverandi stjórnarmönnum endurkosinn
það var Olafur Briem, en hinir 2 er hlutu
kosningu voru Gudm. í Ási og Björn á
Veðramóti. Matsmenn hrossa urdu þeir
sömu og áður þeir Petur og Björn og eins
sömu vigtarmenn sauða Jónas á Völlum
og Magnús á Frostast. hér í deild ef til kemur
Margt bar fleira til tíðinda á fundi
þessum þótt það helsta sé nú talið
en rúmið í blaðinu leyfir ekki að
fara fleirum orðum um þetta og
verð eg því að láta mér það nægja.
Enda verður fundargerð Kaupfélagsfundarins
lesin upp á hreppsfundinum þann 27. þ. m.

G Björnson.

## Gamli vaninn

Gamall vani er gálgatré
Gamall vani deyðir
Gamall vani er gjarn á spé
Gamall vani leiðir.

Gamall vani glepur oss
Gamall vani er blindur
Gamall vani er góður koss
Gamall vani bindur

Gamall vani er gettur mjög
Gamall vani er stirnur
Gamall vani er gjarn á lög
Gamall vani er stirnur.

Gamall vani gjörir lítt
Gamall vani stendur lítt
Gamall vani gengur vítt
Gamall vani hatar nýtt.

Gamall vani gefur skaup
Gamall vani heimtar kaup
Gamall vani er gjarn á raup
Gamall vani ferðast klaufsk

Gamli G.

## Bæjaröð Viljans.

Syðstagrund
St-Akrir
Höskuldsstaðir
Grundarkot
Vaglagerði
Vaglar
Hrólfsstaðir
Miklibær
Víkurkot
Víðivöllum
Miðsitja
Sólheimar
Sólheimagerði
Úlfsstaðakot
Kúskerpi
Uppsalir

Látið Viljann ganga greitt og farið vel með hann. Ritnefndin

Ikrahrepri

Ekium